

Menningarstefna í mannvirkjagerð

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra kynnti í vikunni stefnu stjórnvalda í byggingarlist sem sett er fram í ritinu [Menningarstefna í mannvirkjagerð](#). Þetta er í fyrsta sinn sem slík stefna er lögð fram opinberlega.

Stjórnvöld bera mikla ábyrgð á manngerðu umhverfi, bæði með setningu laga og reglna, og með ákvörðunum um skipulag byggðar og uppbyggingu hennar. Opinberir aðilar eru einnig stærsti framkvæmdaaðilinn á sviði mannvirkjagerðar og geta þannig með beinum hætti haft áhrif á mangert umhverfi. Skýr og metnaðarfull stefna stjórnvalda í mannvirkjagerð getur því orðið fyrirmynd og viðmið annarra aðila.



Menntamálaráðherra ásamt nefndinni.

Talið frá vinstri: Halldóra Vífilisdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Jóhannes Þórðarson, Steve Christer og Guja Dögg Hauksdóttir

Nágrannabjóðir okkar hafa sett sér menningarstefnu í byggingarlist og var það mat menntamálaráðuneytisins að tímabært væri að Íslendingar hygðu einnig að því. Í ljósi þess var leitað til sérfræðinga um mótun stefnu þeirrar sem hér er lögð fram með skipun nefndar um mitt ár 2005. Nefndinni var ætlað að skilgreina markmið og tilgang byggingarlistastefnu, skilgreina hlutverk og skyldur ríkisins og opinberra aðila við að tryggja gæði í byggingarlist og hönnun opinberra bygginga og gera tillögur um hvernig best verði staðið að upplýsingagjöf, fræðslu og menntun varðandi byggingararf og byggingarlist.

Menningarstefna í mannvirkjagerð nær til varðveislu mikilvægra mannvirkja og staða, til viðhalds þeirra og til nýbygginga og skipulags. Stefnan skiptist í fjóra meginkafla: gæði, arfur, þekking, hagur. Markmið hennar er að tryggja gæði og vandvirkni í byggingarlist og að leggja grunn að markvissri upplýsingagjöf, fræðslu og menntun á þessu sviði.

Niðurstöður úttektar á starfsemi Vísinda- og tækniráðs

Í vikunni kynnti forsætisráðherra niðurstöður úttektar á starfsemi [Vísinda- og tækniráðs](#) á fyrsta tímabili ráðsins 2003-2006.

Í úttektinni var leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvernig hafa almenn markmið sem sett voru fram í lögum árið 2003 gengið eftir?
- Hvernig hefur skipulag stjórnunar og ákvarðanatöku og innleiðing stefnu reynst?
- Hvernig hafa megin stefnumið Vísinda- og tækniráðs náð fram að ganga?

Úttektin fór þannig fram að fyrst var unnin sjálfsmatskýrsla sem Ágúst H. Ingþórsson hjá [Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands](#) bar ábyrgð á. Ytra mat var síðan í höndum tveggja erlendra sérfræðinga þeirra Christoffer Taxell frá Finnlandi og Kim Forss frá Svíþjóð.

Í niðurstöðum úttektarinnar kemur fram að markmið laganna frá 2003 um eflingu vísindarannsókna og aukna samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með tækniþróun, rannsóknunum og nýsköpun hafi að mörgu leyti náð fram. Ísland er nú meðal 10 efstu þjóða í heimi á alþjóðlegum mælikvörðum um samkeppnishæfni.

Hvað varðar skipulag og innleiðingu stefnu þá telja erlendu sérfræðingarnir að almennt séð hafi tekist vel til með samhæfingu stefnu ráðsins og taki ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki mið af henni. Hins vegar þurfi að skerpa á framkvæmd stefnunnar og auka samstarf ráðuneyta hvað það varðar.

Um framgang megin stefnumiða Vísinda- og tækniráðs segir að ráðið hafi sett sér fá en skýr markmið í upphafi: Aukningu á ráðstöfunarfé sjóða, endurskipulagningu opinberra rannsóknastofnana og eflingu háskóla sem rannsóknastofnana. Þau hafa náðst í meginatriðum.

Á vef menntamálaráðuneytis má finna [sjálfsmatskýrsluna](#) og [ytri matsskýrsluna](#) auk [íslenskrar þýðingar](#) á lokakafla ytri matsskýrslunnar.

Samningur við Hvalasafnið á Húsavík

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Ásbjörn Björgvinsson forstöðumaður Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík undirrituðu nýlega [samning](#) um uppbyggingu [Hvalasafnsins](#). Samkvæmt samningnum skal menntamálaráðuneyti veita Hvalasafninu fjárhagslega aðstoð við gerð fræðslusýningar um líffræði hvala og lífríki sjávar. Á sýningunni verða einnig sögulegar upplýsingar um hvalveiðar og hvalreka að fornu og nýju, ásamt fræðslu um vöxt og viðgang hvalaskoðunar við Ísland. Sérstök áhersla verður lögð á fræðslugildi sýningarinnar fyrir ferðamenn og skólahópa á öllum skólastigum.

Menntamálaráðuneyti greiðir 10 milljónir kr. árlegt framlag til Hvalasafnsins á Húsavík í fjárlögum árána 2007 - 2009. Hvalasafnið á Húsavík er rekið af [Hvalamiðstöðinni á Húsavík](#).

Viðurkenning Alþjóðaólympíunefndarinnar

Átakið [hjólað í vinnuna](#) hófst formlega 2. maí með opunarhátíð í Húsdýragarðinum. Forseti [ÍSÍ](#), Ólafur Rafnsson, afhenti menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, og heilbrigðisráðherra, Siv

Friðleifsdóttur, sérstaka viðurkenningu [Alþjóðaólympíunefndarinnar](#) vegna framlags þeirra til eflingar almenningsþróttta.

Starfsfólk menntamálaráðuneytis hefur tekið þátt í verkefninu frá upphafi og í ár tekur rúmlega helmingur þess þátt í þessu skemmtilega og heilsuþætandi átaki.



Menntamálaráðherra ásamt starfsfólki menntamálaráðuneytis á leið á opunarhátíðina

Námskrá þýdd á ensku

Nú birtist á námskrárvef menntamálaráðuneytis almennur hluti aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2004 á ensku: [The Icelandic National Curriculum Guide: General Section](#).

Áður hafa fjórar námskrár verið þýddar á ensku:

- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti - [The National Guide for Compulsory School: General section](#)
- Aðalnámskrá leikskóla - [National Curriculum Guide for Pre-Schools](#)
- Aðalnámskrá grunnskóla: Lífsleikni - [National Curriculum Guide for Compulsory School: Life Skills](#)
- Aðalnámskrá framhaldsskóla: Lífsleikni - [National Curriculum Guide for Upper Secondary School: Life Skills](#)

Ennfremur er verið að vinna að þýðingu almenna hluta aðalnámskrár tónlistarskóla og brautarlýsingum framhaldsskóla.

Brautarlýsingarnar verða birtar jafn öðum á [námskrárvef](#) ráðuneytisins.

Dagsetningar samræmdra prófa fyrir 10. bekk 2007

Prófin verða sem hér segir:

- 2. maí frá 9-12 – íslenska
- 3. maí frá 9-12 – enska
- 4. maí frá 9-12 – danska
- 7. maí frá 9-12 – samfélagsgreinar
- 8. maí frá 9-12 – náttúrufræði
- 9. maí frá 9-12 – stærðfræði

Nánari upplýsingar er að finna á vef [Námsmatsstofnunar](#).

